

REGLUR
um breytingu á reglum, nr. 5/2016, um tímabilsflokk

1. gr.

Bæta skal tilvísun til stærðarflokksins „K7“ við upptalningu í 5. mgr. 4. gr. og skal endurbætt málsgrein því vera svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er fullnægjandi að afhenda fullbúna umsókn tveimur (2) vikum fyrir söluupphaf ef vara hlýtur eingöngu dreifingu í verslanir í stærðarflokkum K6, K7, K8 og K9.

2. gr.

Orðalagi 1. mgr. 5. gr. skal breytt og skal það vera svohljóðandi:

Almennt skulu ekki fleiri en sextíu (60) vörutegundir boðnar til sölu á hverju sölutímabili.

3. gr.

Í stað 3. mgr. 10. gr. skal koma ný málsgrein, þ.e. 1. málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. til að tryggja fjölbreytni í vöruvali sölutímabils, t.d. ef sama áfengið er boðið til sölu í ólíkum umbúðum, og þegar ætla má að framlegð gefi ekki rétta mynd af eftirspurn, t.d. þegar um dýra vöru er að ræða sem hefur háa framlegð þrátt fyrir fáar seldar einingar.

4. gr.

Söluupphaf þorratímabils, sem tilgreint er í fylgiskjali nr. 1, skal vera „*fimmtudagur í vikunni fyrir bóndadag*“ í stað „*fimmtudagur fyrir bóndadag*“.

5. gr.

Lok jólaatímabils, sem tilgreint er í fylgiskjali nr. 1, skal vera „*31. desember*“ í stað „*Fyrsti laugardagur frá og með 6. janúar*“.

6. gr.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Reykjavík, 24. júní 2020,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir